

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax Arnarlax



<b>Dags eftirlits</b>	21.9.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Arnarlax	<b>Fulltrúi UST</b>	Kristján Geirsson
<b>Heimili</b>	Strandgötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	580310-0600	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Víkingur Gunnarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirliti komu fram fimm frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og drög að vöktunaráætlun, og ekki hefur borist staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar. Ekki voru gerðar aðrar athugasemdir í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Þar sem um er að ræða fyrsta eftirlit eftir útgáfu starfsleyfis var farið yfir starfsleyfið og einstök ákvæði þess, m.a. um skil á gögnum, neyðaráætlun, áhættumat og viðbragðsáætlun, vöktunaráætlun, áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og tryggingar vegna bráðamengunar. Farið var yfir þau atriði sem komin eru fram yfir síðasta skiladag skv. starfsleyfi og minnt á skil á grænu bókhaldi, útstreymisbókhaldi og ársyfirliti rekstraraðila.

Farið var yfir stöðu mála, upphaf rekstrar og framtíðarsýn.

Farið var yfir upplýsingar um fulltrúa rekstraraðila. Nýr eftirlitsmaður kynntur og minnt á að öll gögn skuli vera send á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) sem og á netfang eftirlitsmanns.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða sat fundinn og var farið yfir verkaskiptingu eftirlits á einstökum væntanlegum starfsstöðvum rekstraraðila, s.s. einstökum eldissvæðum, seiðaeidisstöð og sláturhúsi.

### Frávik frá

grein 1.5 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Rekstraraðili átti að skila inn áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis, eða þann 29. ágúst 2012.

grein 4.5 í starfsleyfi

Fyrirtækið átti að skila inn drögum af neyðaráætlun fyrir 1. maí 2012. Neyðaráætlun þarf að vera tiltæk ef til kemur óvænt rekstrastöðvun.

grein 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili átti að skila inn drög að vöktunaráætlun fyrir 1. maí 2012 þar sem fram kemur áætlun um vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni kvíanna.

grein 4.7 í starfsleyfi

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting þess að rekstraraðili hafi tekið ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar, allt að 1 millsjón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

grein 4.4 í starfsleyfi

Umhverfisstofnun hefur ekki móttækið frá rekstraraðila viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Viðbragðsáætlunin skal unnin á grundvelli áhættumats þar sem tekið er á hugsanlegri hættu af starfsemi.

#### **ATHUGASEMDIR**


Engar athugasemdir komu fram í eftirlitinu.

#### **ANNAÐ**

Starfsemi er ekki hafin og engar kvíar komnar út. Áætlað er að fyrstu seiðin fari í kvíar vorið 2014.

Verið er að vinna að gerð áætlana og reiknað með að samið verði um NAVE um vöktun svæðisins. Gögn verða send Umhverfisstofnun um leið og þau eru tilbúin.

Reykjavík, 25.09.2012



Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.